



2. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 14 MAÍ 1999.

FUNDARGERÐ:

Dagskrá:

1. Skipulagsmál
2. Önnur mál.

1. Skipulagsmál.

Formaður setti fundinn, til fundarins var auk miðstjórnar boðið þeim félögum sem eru að hætta störfum.

Farið var yfir stöðu mála varðandi skipulag ASÍ og greint frá því að lítið hafi gerst í þeirra herbúðum til lausnar á þeim deilum sem uppi eru, en það hefur orðið til þess að Samiðn hefur dregið sína menn út úr miðstjórn ASÍ sem og skipulagsnefnd.

2. Önnur mál.

BÁS úr orlofsnefnd greindi frá starfinu. Við Apavatn eru bátarnir ónýtir að mati sérfræðinga. Heimild til að kaupa 3 til 4 báta.

Í Vaglaskógi er enn allt á kafi í snjó og því verður að taka húsið úr leigu fyrstu tvær vikurnar, þar þarf að laga pall og endurnýja húsgögn.

Sagt var frá að seinni úthlutun væri í gangi og um 150 umsóknir bættust við.

Íbúðin við Ljósheima hefur verið afhent sambandinu, samþ að lagafæra hana og kaupa ýmsan búnað.

Viðræður við Hag á Kirkjubæjarklaustri er komnar af stað og ganga vel.

Rekstrafélag Ölfusborga heldur aðalfund sinn næsta miðvikudag, óskað hefur verið eftir tilnefningu RSÍ á stjórnarmanni, Þór Ottesen er tilnefndur.

Þá verður aðalfundur v/Einarstaða næstkomandi mánudag

Vegna aukinna umsvifa var ákveðið að kaupa bíl fyrir orlofsnefnd, Keyptur var Nissan Sunny árgerð 1994, á Kr. 500.000

Undirbúningsvinna vegna fjölskylduhátíðarinnar við Apavatn er þegar hafinn, með aðlögun á svæðinu, setja upp snyrtiaðstöðu og fl.

Vegna nýja hússins við Stórhöfða var ákveðið að stofna eignarhaldsfélagið 200 þúsund naglbíta, sem er 75% í eigu

RSÍ og 25% í eigu Mavís. Í stjórn félagsins frá RSÍ eru Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann en Haukur Ágústsson til vara. Löggiltur endurskoðandi er Dýri Guðmundsson.

Flóttamennirnir frá Kosovó eru fluttir úr gistiheimilinu til Hafnarfjarðar. Skoðaðar voru aðstæður hjá rafvirkjanum úr hópnum og reyndust þær í lagi, en keypt samþ er að kaupa 4 reiðhjól fyrir börn hans.

HJ sagði frá samstarfsamningi í Straumsvík sem segja þyrfti upp fyrir 30. júní ef hann á ekki að framlengjast sjálfkrafa um þrjú ár. Málinu var vísað til þeirra félaga sem málið varðar.

GG greindi frá því að í fyrsta skipti í nær 30 ára sögu RSÍ sitji kona, Anna Melsted, miðstjórnarfund sem fullgildur stjórnarmaður.

Þá var fyrrverandi varaformanni RSÍ Þóri Hermannssyni veittar viðurkenningar fyrir langt og heilladrjúgt starf fyrir samtökin, þá var Sigurjóni Jóhannssyni einnig þakkað. Að lokum greindi GG frá fundarferðum RSÍ sem eru að hefjast og líkur í byrjun júní.

Fundi slitið Kl 14:00 Haukur Ágústsson